

Fundur stjórnar ÆSKP 6. ágúst 2019 í Neskirkju

Mætt: Jóhanna Ýr, Sigurður Óskar, Katrín Helga, Eva Björk, Berglind og Daníel Ágúst. Einnig situr Jónína Sif fundinn.

Fundur hófst kl. 16.43.

Gleðigangan

Gangan er 17. ágúst kl. 14 og byrjar hjá Hallgrímskirkju. Gengið er niður Skólavörðustíginn. Bílarnir eiga að mæta kl. 12.

Hugmynd um að hafa bænastöð í Hallgrímskirkju þar sem við hengjum myndir af þátttöku okkar síðustu árin.

Jónína ætlar sér að smíða færanlega kirkju á hestakerru.

Fá „DJ“ til að sjá um tónlistina. Blanda af gleðigöngulögum og kirkjutónlist.

Fá fólk innan kirkjunnar til að skrifa greinagerð um kirkjuna og samkynhneigð.

Sjálfsstyrkingarnámskeið

Halda sjálfsstyrkingarnámskeið fyrir leiðtogana. Hugmynd að halda þetta síðustu vikuna í september. Við viljum halda flott námskeið fyrir leiðtoga í að efla sjálfsstyrkingu sem nesti bæði inn í veturinn og landsmót.

Hugmynd um hvort það væri hægt að halda þetta á laugardegi og gera dag úr þessu. Sjálfsstyrkingarnámskeið, fara yfir siðareglurnar, hópefli, matur saman, o.flr. Spurning hvort að það sé of mikið að hafa tvo dagsnámskeið ef við höldum janúarnámskeið líka. Það er hins vegar annars eðlis að halda námskeið á Löngumýri (janúarnámskeið) eða dagsnámskeið í borginni þar sem fólk ræður hvenær það fer.

Hópefli fyrir leiðtogana skiptir líka miklu máli.

Við viljum vera bakland fyrir leiðtogana til að efla þá og sýna að þeir eru dýrmætir starfskraftar.

Að hafa námskeiðið á laugardegi gerir námskeiðið líka aðgengilegra fyrir þá sem eru utan að landi.

Jónína ætlar að senda á fyrirlesara til að fá tilboð.

Landsmót 2020

Þemað á Landsmóti er Skapandi landsmót. Í sköpunarsögunni kemur fram að heimurinn er ekki fullskapaður. Það er í okkar höndum að halda áfram að skapa. Sköpun er meira en aðeins að lita myndir.

Hugmynd að hafa einn hóp sem væri gönguhópur í göngumessustíl. Það væri stöðvar þar sem þátttakendur geta upplifað sköpunarverkefnið.

Það væri líka hægt að hafa ljósmyndahóp, leiklistarhóp, o.s.frv.

Jóhanna er með hugmynd að láta þátttakendur búa til „moodboard“ í fræðslunni. Það myndi þá krefjast smá undirbúnings á æskulýðsfundi.

Við ætlum að auglýsa til leiðtoga að við þurfum hljómsveit á mótið. Þá væri möguleiki að bjóða fleirum tækifæri til að sjá um tónlistina.

Hugmynd að hafa fönðurkassa í gistiherbergjunum þar sem þátttakendur geta skapað í frítímanum sínum. Snyrtilegasta og best skreytta herbergið gæti verið verðlaunað í messunni á sunnudeginum.

Það þarf að bæta við kynjaval möguleika í skrámi.

SMS

SMS-kerfið er tilbúið. Það er hægt að biðja um lykilorð núna.

Notendaskilmálar eru til staðar. Í því er talað um að leiðtogar þurfa að setja notkun í vinnsluskrárnar sínar.

EYEC

Það er búið að bjóða okkur að taka þátt í 50 ára afmæli EYEC. Þetta er einn laugardagur í október. Það er verið að bjóða Jónínu sérstaklega og líka ÆSKP að senda fulltrúa. Þetta er ekki námsferð heldur tengslamyndunarferð. Það kostar 150 evrur fyrir gistingu og mat. Ferðir á vegum EF hafa verið styrktar algjörlega af ÆSKP. ÆSKP er hluti af EF, en ÆSKR hluti af EYEC. Jónína ætlar að kanna hverjir eru að mæta upp á hvort það borgi sig að fara vegna tengslanets.

Fundi slitið kl. 18.20